



Söfn, setur og sýningar

Sértæk gæðaviðmið nr. 213

5. útgáfa 2022

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD



Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

213-1	<i>Þjónusta og starfshættir</i>	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
213-1.1	Opnunartími og tímasetningar viðburða eru vel auglýstar.			
213-1.2	Hugað er að aðgengi og aðstöðu fyrir alla (t.d. mismunandi aldurshópa, hreyfihamlaða, sjónskerta, heyrnalaus, o.fl.).			
213-1.3	Rekstraraðili hefur kynnt sér lög og reglugerðir um menningarminjar sem varða starfsemina.			
213-1.4	Lögð er áhersla á verndun menningarminja og menningararfs sbr. lög um menningarminjar. Í því felst m.a.: <ul style="list-style-type: none"> a. Að skilgreina vandlega gildi viðkomandi staðar/hlutar/þáttar frá menningarsögulegu sjónarmiði. b. Að ráðfæra sig við hagsmunaaðila og nærsamfélagið. c. Að vinna með fagaðilum og þróa verndaráætlun sem er í samræmi við lög og viðurkennd verndarsjónarmið. 			
213-1.5	Rekstraraðili fylgir lögum og starfsvenjum um safnastarf (sjá safnalög og siðareglur ICOM, <i>The International Council of Museums</i>)			
213-1.6	Merkingar og framsetning efnis er snyrtileg og læsileg á að minnsta kosti tveimur tungumálum.			
213-1.7	Leitast er við að framsetning og miðlun sé fagleg, vönduð og fjölbreytt og henti ólíkum hópum.			
213-1.8	Hugað er að endurskoðun og þróun við framsetningu og miðlun í samráði við sérfræðinga eða fræðimenn á viðkomandi sviði.			

213-1.9	Innihald sýninga er endurskoðað með reglulegu millibili í samráði við sérfræðinga eða fræðimenn á viðkomandi sviði.			
213-1.10	Borin er virðing fyrir sögunni og viðfangsefninu sem unnið er með og hugað að trúverðugleika og sannleiksgildi við alla framsetningu.			
213-1.11	Leitast er við að bjóða upp á lifandi og gagnvirka miðlun, t.d. leiðsögn, viðburði o.fl.			
213-2	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
213-2.1	Starfsmenn hafa sérhæfða menntun, t.d. sérfræðimenntun á viðkomandi sviði, viðurkennt leiðsögunám og/eða reynslu á sviði sögu og menningar.			
213-2.2	A.m.k. einn starfsmaður á hverri vakt hefur lokið skyndihjálparnámskeiði (4 klst.) hjá viðurkenndum aðila og sækir upprifjunarnámskeið á tveggja ára fresti.			